

Siðareglur Ásatrúarfélagsins settar fram á allsherjarþingi 2025

1. Þessar reglur ná yfir alla þá sem starfa fyrir félagið í einhverri mynd og verður í framhaldi vísað til í 1.persónu fleirtölu. Goðapingur setur siðareglur er varða störf og embættisverk goða.
2. Okkur ber að koma fram af virðingu í ræðu, riti og fasi hvert við annað, goð vættir, náttúru og fornan sið. Við fylgjum ráðum ráðum Hávamála um framkomu við gesti og gestgjafa. Við erum öll jöfn og jafningjar óháð aldri, kyni, kynvitund, litarhætti, uppruna og annars þess sem getur verið notað til aðgreiningar. Við ástundum ekki trúboð en okkur er að sjálfsögðu frjálst að ræða okkar trú við þá sem sýna henni áhuga.
3. Starfsmenn og fulltrúar félagsins hafi hreint sakavottorð og búsforræði.
4. Okkur ber að vanda opinbera umræðu. Allsherjargoði talar fyrir félagið og ber að vísa á hann ef þarf að bregðast við. Hann getur veitt öðrum umboð til að tala máli okkar.
5. Gerist goði, kjörinn stjórnarmaður eða embættismaður sekur um refsiverða háttsemi, alvarleg embættisglöp eða brot á lögum og reglum félagsins getur lögrétta vikið honum úr embætti tímabundið. Skal þá þegar boða til aukaallsherjarþings sem tekur endanlega ákvörðun um hvort viðkomandi verði vikið úr embætti.
6. Fulltrúum félagsins, hvort sem um er að ræða goða eða kjörna fulltrúa, ber að halda sig utan við deilumál og þrætur innan og utan félagsins á opinberum vettvangi.
7. Áreiti og ofbeldi fulltrúa félagsins hvort sem er í ræðu, riti eða líkamlega skal aldrei líðast. Verði fulltrúi félagsins uppvís að slíku skal honum vikið frá tímabundið og lögrétta, eða eftir atvikum allsherjarþing taka ákvörðun um áframhaldandi störf viðkomandi.
8. Þeir sem vinna með börnum eða ungmennum á vettvangi félagsins skulu geta sýnt fram á hreint sakavottorð. Þeim ber að fylgja lögum um vernd barna og ungmenna, þmt upplýsingaskyldu gagnvart barnaverndaryfirvöldum. Viðkomandi skal gæta orða og athafna í hvívetna og gæta þess að virða mörk barnsins. Hafa ber í huga að þarna er um að ræða ómótaða og áhrifagjarna einstaklinga.

9. Fulltrúum félagsins ber að gæta trúnaðar og þagmælsku um persónulega hagi þeirra sem þeir sinna. Þó ber að tilkynna viðkomandi yfirvöldum ef viðkomandi fær upplýsingar um ofbeldisverk hvort sem þau eru unnin eða yfirvofandi.

10. Óheimilt er að birta myndir af einstaklingum frá athöfnum eða starfi félagsins án þess að fá fyrir því leyfi viðkomandi.